



Prósjoppumótaröðin 2025

Prósjoppumótaröðin er haldin í þriðja sinn en nú með breyttu fyrirkomulagi. Mótaröðin er fyrir alla félagsmenn GM í íþróttastarfinu og stendur frá 7. júlí til 12. október 2025.

Keppt er í eftirfarandi flokkum en kk og kvk leika saman í hverjum aldursflokki:

Högggleikur (teigar í sviga)

- 10 ára og yngri - 9 holur (kvk og kk svartir)
- 12 ára og yngri - 9 holur (kvk og kk svartir)
- 14 ára og yngri - 18 holur (kvk rauðir / kk bláir)
- 16 ára og yngri - 18 holur (kvk rauðir / kk gulir)
- 18 ára og yngri - 18 holur (kvk rauðir / kk gulir)
- 19 ára og eldri - 18 holur (kvk bláir / kk hvítir)

Punktakeppni

- 12 ára og yngri - 9 holur
- 18 ára og yngri - 18 holur
- 19 ára og eldri - 18 holur

Leikfyrirkomulag

Kylfingur sem tekur þátt skráist sjálfkrafa í högggleik og punktakeppni en veitt eru verðlaun á lokahófi GM fyrir mótaröðina þar sem 3 bestu punktakeppnishringirnir og 3 bestu högggleikshringirnir telja til verðlauna. Veitt eru verðlaun fyrir besta kylfinginn í hverjum flokki í högggleik og 3 bestu í punktakeppni í hverjum flokki.

Í hverri viku hefst nýtt mót og hefur kylfingurinn frá mánudegi til sunnudags til að skila inn 1 hring fyrir vikuna sem telst þá sem Prósjoppumót þeirrar vikur. Prósjoppumótaröðin 1 verður frá 7. júlí - 13. júlí, Prósjoppumótaröðin 2 verður frá 14. júlí - 20. júlí o.s.fr. Haldið verður utan um stöðuna í skjali á golfmos.is/afreksstarfgm.

Hámarksfjöldi högga á holu er 9. Leyfðar eru færslur um kylfulengd á brautum en engar færslur eru á flötum. Annars gilda almennar staðarreglur GM. Mikilvægt er að leika af réttum teig í mótinu.

Aðeins má skila inn einum hring í hverri viku (ekki er hægt að leika annan hring í sömu viku sem er betri en fyrri til að bæta skorið).

Skráning og skil á skori

lökendur þurfa að skrá sig á rástíma sjálfir.

Nauðsynlegt er að vera með öðrum keppenda í holli - ekki er hægt að vera með ritara sem ekki er keppandi í mótinu svo lágmark 2 keppendur í hverju holli (mega vera keppendur í mismunandi flokki).

Áður en haldið er út á völl þarf að skrá sig í mótið á golfbox eða láta skrá sig í mótið í afgreiðslu GM (golfbúðinni á Hlíðavelli). Strax að hring loknum skal skila inn skorkorti í afgreiðslu GM og láta starfsmann skrá inn í mótið eða í póstkassan fyrir utan Klett (ef klúbbhús eða golfbúð er lokuð). Ekki er tekið við skorkortum nema þeim sé skilað beint eftir hring. Svo skorkortið sé tekið gilt skal standa skýrum stöfum **nafn kylfings** á skorkortinu, **dagsetning** og **undirskrift ritara**.

Svartir teigar

Í flokkum 12 ára og yngri og 12 ára og yngri er leikið af svörtum teigum. Þessi teigasett hafa einungis fastamerki en ekki teiga sem standa upp úr jörðinni og getur því stundum reynst erfitt að finna þá, sérstaklega þá sem ekki hafa uppbyggðan teig en eru bara á brautinni. Með tímanum lærist að finna þessa teiga en lengdir og yfirlitsmynd af staðsetningu þeirra má finna hér og geta þessar upplýsingar hjálpað okkur að staðsetja þá:

Hola	Par	Lengd svartir
1	5	297
2	4	145
3	3	64
4	3	75
5	5	218
6	4	137
7	3	68
8	5	295
9	4	152
36		1451
10	5	248
11	4	205
12	5	253
13	5	287
14	4	172
15	3	66
16	4	176
17	5	283
18	3	88
S9	38	1778
F9	36	1451
18	74	3229

